



FUNDARGERÐ 479. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 11. apríl 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:41. Fundurinn er staðfundur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Viðauki við eigendasamkomulag kynntur

Gunnar Bragason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið við upphaf fundar.

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir drögum að viðauka að eigendasamkomulagi.

2. Staðan á leitinni að nýjum urðunarstað

Gunnar Bragason gerir grein fyrir stöðu á leitinni að nýjum urðunarstað, stöðu vinnu við að finna úrgangi nýja farvegi og samtölum við sjálfboðaliðahreyfingar í Mosfellsbæ um verkefni tengd urðunarstaðnum í Álfsnesi.

Umræður í kjölfarið um liði 1 og 2, sem voru kynntir saman.

Gunnar Bragason vísar af fundi klukkan 08:38.

3. Staða stefnumótunar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu viðræðna við stefnumótunarráðgjafa fyrir mótun stefnu stjórnar SORPU. Gengið hefur verið frá samningi við Valcon A/S. Fyrirvari er um umfang vegna samvinnu ráðgjafa við stefnuráð.



4. Staða brennsluverkefnis

Fjármálastjóri gerir grein fyrir stöðu brennsluverkefnis. Vaxandi áhugi er meðal fjárfesta á að fjármagna uppbyggingu á sorpbrennslu fyrir höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi svæði.

Umræður eru í kjölfarið, meðal annars um mögulega fjármögnunaraðila, eignarhald, félagaform og fleira.

Formaður stjórnar leggur til að kallað verði eftir fundi með innviðaráðherra til að kanna áhuga á aðkomu ríkisins að uppbyggingu brennslu.

5. Samræming sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu

Ísól Fanney Ómarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 09:19.

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir kynningu á samræmingu sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og sérsöfnun á lífrænum úrgangi.

6. Niðurstaða forathugunar á nýrri staðsetningu fyrir endurvinnslustöð

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 09:30.

Ísól Fanney gerir grein fyrir niðurstöðu forathugunar á nýrri staðsetningu fyrir endurvinnslustöð. Niðurstaða hópsins er að ákjósanlegasta staðsetning sé við Arnarnesveg í Kópavogi.

Umræður eru um niðurstöðu hópsins í kjölfarið.

Guðmundur og Ísól víkja af fundi 09:53.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 9. maí 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:57.